

Alþingi
Erindi nr. P 141/308
komudagur 2.11.2012



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík 1. nóvember 2012

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, með síðari breytingum, þingskjal 36. – 36. mál.

Öryrkjabandalag Íslands bendir á umsögn sína frá 6. mars 2012 um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsaðstoð, nr. 99/2007, með síðari breytingum, þingskjal 50. – 50. mál

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) fagnar frumvarpi til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, með síðari breytingum sem gerir foreldrum eða nánum ættingjum bótaþega kleift að fá styrk til bifreiðakaupa, þó svo að hlutaðeigendur hafi ekki sama heimili. Þar með er litið til skerðingar einstaklingsins og þörf hans fyrir bifreið, en fólki ekki mismunað eftir búsetu. ÖBÍ vill benda á að varast beri, við úthlutun styrkja, að mismuna umsækjendum eftir því hvort þeir séu með atvinnu eða ekki, en það hefur, samkvæmt upplýsingum ÖBÍ verið reyndin.

Í þriðju málsgrein greinargerðar er þess getið að foreldrar eða nánir ættingjar bótaþega aki honum í bifreiðinni. Hér ætti að tilgreina fleiri aðila þar sem fatlað fólk nýtir sér í ríkari mæli notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) þar sem aðstoðarfólk viðkomandi þarf að geta keyrt bifreið hans.

Virðingarfyllt
f.h. Öryrkjabandalags Íslands

Guðmundur Magnússon fermaður

Við stöndum fyrir réttlæti – Ekkert um okkur án okkar!